

Molar úr starfsemi SFV

Til : Sigurjón Norberg Kjærnested <sigurjon@samtok.is>
Frá : Sigurjón Norberg Kjærnested <sigurjon@samtok.is>
Heiti : Molar úr starfsemi SFV
Málsnúmer : 2102015
Málsaðili : Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu
Skráð dags : 27.10.2021 09:47:29
Höfundur : Sigurjón Norberg Kjærnested <sigurjon@samtok.is>

Sæl öll aðildarfélagar að Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu

Sendi ykkur hér nokkra upplýsingamola úr starfsemi samtakanna undanfarinn mánuð. Eins og ég fór yfir síðast er ætlun okkar að senda ykkur mánaðarlega upplýsingapósta um sumt af því helsta í starfsemi samtakanna.

Hvet ykkur endilega til að vera í sambandi ef þið viljið ræða e-ð af þessum málum, eða hvað sem er:)

Molar úr starfsemi SFV undanfarinn mánuð:

- Samningaviðræður við Sjúkratryggingar Íslands um þjónustusamninga hjúkrunarheimila
 - Sameiginleg samninganefnd SFV og Sambandsins er komin í fullan gang og hefur verið fundað þrisvar. Ýmisleg vinna er farin af stað, sérlega sem tengist gerð samningsmarkmiða samtakanna.
 - Á næstu vikum munu öll hjúkrunarheimili í SFV fá boð á félagsfund um málið. Þá verður einnig send út spurningakönnun til hjúkrunarheimilanna, þar sem þau verða beðin um að svara ýmsum spurningum um sín áherslumál varðandi samningana.
 - Þá munu hjúkrunarheimilin einnig fá sent erindi frá SFV þar sem óskað er eftir formlegum umboðum frá þeim til að fara í samningaviðræður fyrir þeirra hönd.
- Erindi til leiðtoga stjórnarflokkanna sem vinna nú að myndun nýrrar ríkisstjórnar. Í erindinu eru flokkarnir hvattir til að leggja áherslu í stjórnarsáttmála og komandi starfi, á stór mál sem SFV hafa talað fyrir. Erindinu var fylgt eftir með grein í Viðskiptablaðinu.
- Covid:
 - Haldinn var upplýsingafundur með almannavörnum og sóttvarnalækni. Boðað verður til frekari upplýsingafunda ef að staðan hjá aðildarfélögunum eða á faraldrinum almennt kallar á það.
 - Unnið var með SÍ að útfærslu greiðslna vegna covid kostnaðar. Farið var fram á frest á skilum fyrir þau aðildarfélög sem náðu ekki að skila innan réttis tíma.
 - Sent var erindi á SÍ um að dagdvölum yrði bætt tap vegna vannýtttra plássna, eins og fyrr í faraldrinum.
 - Samráðsnefnd almannavarna, sóttvarnalæknis, hjúkrunarheimila, dagdvala og fyrirtækja í velferðarþjónustu, mun funda nú seinna í vikunni til að fara yfir stöðu faraldursins, örvunarbólusetningar og fleiri mál.
- Vinnuhópur um rekstrarkostnað hjúkrunarheimila er á lokametrunum í starfi sínu. Heilbrigðis- og fjármálaráðuneytin stofnuðu til hópsins í framhaldi af athugasemdum heilbrigðisráðherra um niðurstöður Gylfa-skýrslunnar. SFV á 2 fulltrúa í hópnum, sem og Samband íslenskra sveitarfélaga. Þar höldum við á lofti málstað okkar, sem er að niðurstöður Gylfa-skýrslunnar verði virtar og rekstrarhalli hjúkrunarheimila leiðréttur. Aðildarfélögin verða upplýst um niðurstöðu vinnunnar um leið og hún er komin fram.

- Fyrsti fundur í endurskipulögðum starfshópi minni og meðalstórra aðildarfélaga að SFV var haldinn.
 - Þar var m.a. farið yfir gagnaskil til SÍ um gæðakerfi og handbækur; covid mál & ferðakostnað íbúa í dvalar- eða hjúkrunarrymum.
 - Til umræðu hefur verið að skipta starfi hópsins í tvennt, í fyrsta lagi að hafa starfshóp fyrir þau aðildarfélög sem eru ekki hjúkrunarheimili, og svo að hafa annan starfshóp fyrir minni- og meðalstór hjúkrunarheimili. Hvert er þitt álit á því?
- Vinnuhópur stjórnar um stefnumótun SFV hélt sinn fyrsta fund í vikunni og var þar byrjað að leggja línurnar fyrir komandi stefnumótun samtakanna – þar sem við munum leitast eftir ykkar þátttöku:)
- Í Innkaupahóp eru í undirbúningi eða í gangi sameiginleg innkaup á dýnum, loftdýnum, rúmum, kjöti og áleggi. Hópurinn fundaði í síðustu viku og voru þau innkaup rædd ásamt því að ræddir voru frekari möguleikar á sameiginlegum innkaupum. Aðildarfélög sem hafa áhuga á að taka þátt í sameiginlegum innkaupum eru hvött til að vera í sambandi við okkur.
- Unnið hefur verið með SÍ að útfærslu á nýju kerfi hvað varðar réttindi íbúa til hjálpartækja. Fréttir af niðurstöðu þessa máls eru væntanlegar á næstunni.
- SFV tók þátt í gerð skýrslu á vegum norrænu ráðherranefndarinnar um stöðu heimahjúkrunar á norðurlöndunum. Skýrslan verður kynnt á félagsfundi/morgunverðarfundi SFV.
- Kjaramál:
 - Mikil vinna hefur átt sér stað tengt Betri vinnutími í vaktavinnu verkefninu, sérlega hvað varðar söfnun og úrvinnslu gagna. Nú er að fara að koma mynd á lykilmælikvarða verkefnisins, t.d. heildarkostnað, sem verður mikilvægt þegar kemur að því að SFV óski eftir næstu leiðréttingu á greiðslum til að mæta kostnaði vegna BVV. Áætlað er að senda slíkt erindi á SÍ/HRN á næstu vikum.
 - Í sumar var fallist á erindi frá SFV um hækkun vegna BVV, en í því erindi var fjallað um að þegar raunverulegur kostnaður væri kominn í ljós, að þá þyrfti önnur hækkun að koma til.
 - Áfram hefur verið unnið að aðstoð við allnokkur aðildarfélög um gerð stofnanasamninga. Þá hóf kjaranefnd undirbúning gerðar kjarasamnings fyrir eitt aðildarfélag.
- Persónuverndarmálin eru í fullum gangi, m.a. með útgáfu fræðsluefnis, fundum með aðildarfélögum og fleira.
- Hvað varðar stjórnvöld og Alþingi hafa ýmis mál verið í gangi, þrátt fyrir að Alþingi sé ekki að störfum og ný ríkisstjórn sé í myndun. Þar má t.d. minnst á:
 - Fundað var aftur með Heilbrigðisráðuneyti um breytingar á reglugerð um færni og heilsumat. Tillögum samtakanna að úrbótum var fylgt eftir.
 - Skipaðir voru fulltrúar á fund með Landsráði um mönnun heilbrigðisstétta, um verkaskiptingu á heimilunum, sérlega hvað varðar sjúkraliða
 - Skipaður var fulltrúi í starfshóp um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
- Af öðrum málum má t.d. minnst á:
 - Vinna vegna gagnaskila aðildarfélaga til SÍ um innra eftirlit
 - Formaður, framkvæmdastjóri og formaður kjaranefndar hafa átt marga góða fundi með aðildarfélögum samtakanna, og munu þeir fundi halda áfram.
 - Undanfarið hefur verið stóráukinn áhugi hjá fjölmiðlum um aðkomu fulltrúa SFV og aðildarfélaganna að ýmsum málum. Þannig hafa birst allnokkrar fréttir og greinar sem SFV hefur komið að á einn eða annan hátt og viðtöl bæði við formann og varaformann samtakanna.
- Þá er ýmislegt framundan hjá samtökunum, auk áframhaldandi vinnu við ofangreind mál. T.d. verður kallað til fundar í velferðartækniþóp samtakanna og þá samþykkti stjórn á síðasta fundi sínum að samtökin beiti sér (t.d. með útsendingu formlegra erinda, fundum eða á annan hátt) varðandi:
 - Kröfur sem stjórnsýslan gerir til starfsfólks aðildarfélaganna þegar upp koma atvik (t.d. þegar starfsfólk er krafist um að skila skýrslu í eigin nafni)
 - Endurskoðun á RAI mati og greiðslum skv. því, í tilfellum þegar það er komið langt frá raunverulegum kostnaði

Listi þessi er alls ekki tæmandi, svo endilega verið í sambandi ef þið viljið ræða líka e-r af okkar verkefnum/málum sem er ekki fjallað um hér að ofan.

Með góðri kveðju,

Sigurjón Norberg Kjærnested,

framkvæmdastjóri - Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

sigurjon@samtok.is / 783 8114